

Almennur rökstuðningur:

Markmið með þessum lagabreytingum eru margskiptar.

Samkvæmt nágildandi lögum er erfitt að bregðast við þegar stjórnarmenn hætta snemma eða á miðju tímabili, 9. gr. tekur á þeim vanda með því að leggja til að aðalfundur sé haldinn á hverju ári.

Verði frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla samþykkt eru ýmis ákvæði í lagadrögum sem auka líkur á að samtökin geti fengið skráningu sem almannaheillafélag samanber. 39. og 40 gr. þessa frumvarps. Slík skráning myndi festa í sessi stöðu samtakanna. Meðferð á lagabreytingum NS getur tekið rúm 2 ár samkvæmd nágildandi lögum þess. Tillaga stjórnar fjallar m.a. um að halda aðalfund árlega þannig er m.a. auðveldara að endurmannna stjórn verði forföll sem og hraða afgreiðslu lagabreytinga ef þurfa þykir m.a. ef umrætt frumvarp verður samþykkt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Nafn samtakanna er Neytendasamtökin. Þau eru sjálfstæð félagasamtök neytenda á Íslandi. Varnarþing þeirra er í Reykjavík.

1. gr. Núverandi laga

Nafn samtakanna er Neytendasamtökin. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmalaflokkum og opinberum aðilum.

2. gr.

Tilgangur samtakanna er að gæta hagsmuna neytenda í þjóðfélaginu. Þau skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda.

Nýtt ákvæði

3. gr.

Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná meðal annars með því að:

- stuðla að sjónarmið neytenda séu virt þegar ákvarðanir eru teknar eða lög sett er varða hagsmuni neytenda.
- annast útgáfu-, rannsóknar-, ráðgjafa- og fræðslustarfsemi til þess að auka skilning á hagsmunamálum neytenda.
- styðja réttmætar kröfur félagsmanna og berjast fyrir því að réttur almennra neytenda sé virtur.

d) vinna að umbótum á löggjöf til hagsbóta fyrir neytendur.

2. gr. Núverandi laga

Tilgangur Neytendasamtakanna er að gæta hagsmuna neytenda í þjóðfélaginu, þau skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum.

Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná meðal annars með því:

- a. að vinna að því að sjónarmið neytenda séu virt þegar ákvarðanir eru teknar eða reglur settar er varða hagsmuni neytenda,
- b. að annast útgáfu-, rannsóknar-, ráðgjafa- og fræðslustarfsemi til þess að auka skilning á hagsmunamálum neytenda, þar á meðal að auka verð- og vörubekkingu þeirra,
- c. að styðja réttmætar kröfur einstakra neytenda og berjast fyrir því að réttur neytenda sé virtur,
- d. að vinna að umbótum á löggjöf til hagsbóta fyrir neytendur.

4. gr.

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti atkvæða ef ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum.

Við val á aðilum til setu í trúnaðarstöðum skal eins og unnt er gæta jafnræðis milli kynja.

Nýtt ákvæði

5. gr.

Sá stjórnarmaður, nefndarmaður eða starfsmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Ríki óvissa eða ágreiningur um vanhæfi skal þegar í stað vekja athygli formanns samtakanna á því og úrskurðar hann um hæfi til meðferðar einstakra mála. Stjórn úrskurðar um hæfi formanns. Maður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

Nýtt ákvæði

II. KAFLI

Félagsaðild að samtökunum

6. gr.

Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára geta orðið félagar í Neytendasamtökunum. Félagsaðild er til eins árs í senn og endurnýjast sjálfkrafa nema félagi hafi sagt sig úr samtökunum með sannanlegum hætti. Félagsmenn njóta fullra réttinda í eitt ár frá því að greiðsla félagsgjalds hefur borist og hafa kjörgengi í kosningum til trúnaðarstarfa fyrir samtökin.

Þeir einir hafa atkvæðisrétt sem eru skuldlausir við samtökin a.m.k. einum mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

3. gr. Núverandi laga

Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára geta orðið félagar í Neytendasamtökunum. Félagsmenn njóta fullra réttinda, séu þeir skuldlausir við samtökin, og hafa kosningarétt og kjörgengi í kosningum til trúnaðarstarfa fyrir samtökin, en þeir einir geta neytt atkvæðaréttar síns í stjórnarkjöri sem eru þingfulltrúar á þingi Neytendasamtakanna.

7. gr.

Árgjöld skulu ákveðin af stjórn Neytendasamtakanna.

Nýtt ákvæði

8. gr.

Félög eða samtök sem skuldbinda sig til að vinna að hagsmunamálum neytenda geta gerst stuðningsaðilar Neytendasamtakanna eða tekið upp skipulagstengsl við þau. Óski félag eða samtök eftir stuðningsaðild eða skipulagstengslum þarf samþykki stjórnar

Neytendasamtakanna. Fáist slíkt samþykki skal stjórn Neytendasamtakanna gera sérstakt samkomulag við viðkomandi félag eða samtök um það með hvaða hætti stuðningsaðildin eða skipulagstengslin skuli vera.

4. gr. Núverandi laga

Félög eða samtök sem skuldbinda sig til að vinna að hagsmunamálum neytenda geta gerst stuðningsaðilar Neytendasamtakanna eða tekið upp skipulagstengsl við þau. Óski félag eða samtök eftir stuðningsaðild eða skipulagstengslum þarf samþykki stjórnar Neytendasamtakanna. Fáist slíkt samþykki skal stjórn Neytendasamtakanna gera sérstakt samkomulag við viðkomandi félag eða samtök um það með hvaða hætti stuðningsaðildin eða skipulagstengslin skuli vera. Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti atkvæða ef ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum (sbr. 18. gr.).

Við uppstillingu frambjóðenda til stjórnar og við val á aðilum til setu í kjörnum nefndum skal eins og unnt er gæta jafnræðis milli kynja.

Samtökin skulu setja sér eða gangast undir siðareglur sem gilda um starfshætti og ábyrgð stjórnarmanna og starfsfólks.

Sá stjórnarmaður, nefndarmaður eða starfsmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Ríki óvissa eða ágreiningur um vanhæfi skal þegar í stað vekja athygli formanns samtakanna á því og úrskurðar hann um vanhæfi til meðferðar einstakra mála. Maður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

III. KAFLI

Aðalfundur Neytendasamtakanna

9. gr.

Aðalfundur Neytendasamtakanna er æðsta vald í málefnum þeirra. Aðalfundur skal haldinn ár hvert í októbermánuði.

6. gr. Núverandi laga

Þing Neytendasamtakanna er æðsta vald í málefnum þeirra. Þing skal haldið annað hvort ár í októbermánuði. Stjórn Neytendasamtakanna getur kvatt saman aukaping telji hún það nauðsynlegt. Til þings og aukapings skal boðað með a.m.k. mánaðar fyrirvara með auglýsingu í a.m.k. einum fjölmiðli og á heimasíðu samtakanna. Einnig skal félagsmönnum sendur tölvupóstur eftir því sem við verður komið.

10. gr.

Til aðalfundar skal boðað með a.m.k. mánaðar fyrirvara með auglýsingu í a.m.k. einum fjölmiðli og á heimasíðu samtakanna.

Nýtt ákvæði

11. gr.

Allir félagar Neytendasamtakanna eiga rétt til setu á aðalfundi samtakanna séu þeir skuldlausir við samtökin einum mánuði fyrir aðalfund og hafi tilkynnt um þátttöku með a.m.k. viku fyrirvara.

7. gr. Núverandi lög

Allir félagar Neytendasamtakanna geta verið þingfulltrúar á þingi samtakanna, séu þeir skuldlausir við samtökin, enda tilkynni þeir þátttöku með a.m.k. viku fyrirvara.

12. gr.

Aðalfundur Neytendasamtakanna er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

8. gr. Núverandi lög

Þing Neytendasamtakanna er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

13. gr.

Verkefni aðalfundar skulu að jafnaði vera:

- Kjör fundarstjóra og annarra embættismanna.
- Skýrsla stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu og samþykktar.
- Lagabreytingar.
- Kjör þriggja manna kjörnefndar.

- f) Kjör formanns Neytendasamtakanna, að jafnaði annað hvert ár.
- g) Kosning annarra stjórnarmanna.
- h) Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara, úr hópi annarra en stjórnarmanna og starfsmanna.
- i) Ný stjórn tekur við.
- j) Önnur mál.

9. gr. Núverandi lög

Dagskrá reglulegs þings samtakanna skal vera:

- a. Þingsetning.
- b. Kjör þingforseta og annarra embættismanna.
- c. Skýrsla stjórnar.
- d. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu og samþykktar.
- e. Lagabreytingar.
- f. Stefnumótun.
- g. Kjör þriggja manna kjörstjórnar.
- h. Kosning tólf stjórnarmanna (annarra en formanns).
- i. Kosning formanns.
- j. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara, úr hópi annarra en stjórnarmanna og starfsmanna.
- k. Kosning þriggja manna í uppstillinganefnd.
- l. Ný stjórn tekur við.
- m. Önnur mál.

Þingi er heimilt að breyta röð dagskrárliða, þó þannig að kjör stjórnar og trúnaðarmanna má ekki færa frammar í dagskránni.

14. gr.

Stjórn ákveður fyrirkomulag aðalfunda samtakanna, til að mynda hvort þeir verði haldnir rafrænir í heild eða að hluta til og hvort kosningar til kjörembætta fari fram með rafrænum hætti.

Nýtt ákvæði

15. gr.

Fundarstjóra ber að sjá til þess að ákvarðanir fundar séu færðar til bókar. Fundarstjóri og minnst tveir fundarmanna, sem stjórn eða fundurinn hefur til þess valið, skulu fara yfir og staðfesta fundargerð með undirritun sinni.

Nýtt ákvæði

V KAFLI

Stjórn Neytendasamtakanna

16. gr.

Stjórn samtakanna skal skipuð 13 kjörnum einstaklingum.

Á hverju ári skal kjósa sex stjórnarmenn á aðalfundi samtakanna til tveggja ára. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa í hans stað á aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum. Um framboð í slíkum tilvikum fer eftir ákvæði 25. gr.

14. gr. Núverandi lög

Stjórn Neytendasamtakanna er skipuð 13 mönnum, þ.e. tólf stjórnarmönnum auk formanns. Kjörtímabil er tvö ár. Enginn skal sitja í stjórn samtakanna lengur en fjögur kjörtímabil samfleytt.

17. gr.

Hæfisskilyrði stjórnarmanna

Almennt hæfi formanns og annarra stjórnarmanna eru að viðkomandi sé;

- 1) Lögráða
- 2) Mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Nýtt ákvæði

18.gr.

Verkefni stjórnar

Stjórnin fer með málefni samtakanna á milli aðalfunda, gætir hagsmuna þeirra á grundvelli laga og þeirra ákvarðana sem teknar eru á aðalfundi samtakanna.

Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund og löglega er til hans boðað, sbr. 24. gr.

Stjórn Neytendasamtakanna er æðsta vald í málefnum samtakanna milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfsemi þeirra. Stjórn tekur ákvarðanir í málum sem snerta rekstur samtakanna og skipulag, fylgir eftir stefnumótun aðalfundar og tekur afstöðu til stefnumarkandi mála sem samtökunum berast. Þó annast framkvæmdastjóri starfsmannahald.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á fjárreiðum þeirra. Stjórnin skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi samtakanna og ber ábyrgð á gerð ársreiknings. Stjórninni er heimilt að skuldbinda samtökin fjárhagslega, enda undirriti meirihluti stjórnarmanna slíkar skuldbindingar.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og heyrir hann beint undir stjórn samtakanna.

15 gr. Núverandi lög

Stjórn Neytendasamtakanna er æðsta vald í málefnum samtakanna milli þinga og ber ábyrgð á starfsemi samtakanna. Stjórn tekur ákvarðanir í málum sem snerta rekstur samtakanna og skipulag starfseminnar, fylgir eftir stefnumótun þings samtakanna og tekur afstöðu til stefnumarkandi mála sem samtökunum berast. Þó annast formaður og framkvæmdastjóri ráðningu starfsfólks.

16. gr. Núverandi lög

Formaður boðar stjórnarfundir með minnst þriggja daga fyrirvara, nema brýna nauðsyn beri til að boða fund með skemmri fyrirvara. Dagskrá fundarins, ásamt nánari upplýsingum um einstaka dagskrárliði, skal fylgja fundarboði. Krefjist einn stjórnarmaður þess að stjórnarfundur sé haldinn skal gera það innan hálfis mánaðar frá því að krafa um stjórnarfund barst. Stjórnarfundir eru lögmætir sé löglega til þeirra boðað.

19. gr.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna sem fara skal eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða meiri háttar. Framkvæmdastjóri sér um starfsmannamál samtakanna og getur skuldbundið samtökin í málum sem eru innan verksviðs hans. Nánar skal kveða á um verksvið framkvæmdastjóra í starfsreglum samtakanna. Framkvæmdastjóri skal annast að bókhald samtakanna sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna samtakanna sé með tryggilegum hætti.

Nýtt ákvæði

20. gr.

Hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu uppfylla hæfisskilyrði 17. gr. Nú hefur bú einstaklings verið tekið til gjaldþrotaskipta og er hann þá ekki bær til að sitja í stjórn samtakanna eða gegna stöðu framkvæmdastjóra þeirra fyrir en hann er aftur orðinn fjár síns ráðandi.

Nýtt ákvæði

21. gr.

Stjórn skal setja starfs- og siðareglur sem gilda um starfshætti og ábyrgð stjórnarmanna og starfsmanna.

Hluti úr 4.gr. Núverandi laga

Samtökin skulu setja sér eða gangast undir siðareglur sem gilda um starfshætti og ábyrgð stjórnarmanna og starfsfólks.

22. gr.

Stjórn Neytendasamtakanna er skipuð 13 mönnum, þ.e. tólf stjórnarmönnum auk formanns. Kjörtímabil er tvö ár. Enginn skal sitja í stjórn samtakanna lengur en fjögur kjörtímabil samfleytt.

14. gr. Núverandi lög

Stjórn Neytendasamtakanna er skipuð 13 mönnum, þ.e. tólf stjórnarmönnum auk formanns. Kjörtímabil er tvö ár. Enginn skal sitja í stjórn samtakanna lengur en fjögur kjörtímabil samfleytt.

Ef þörf krefur skal stjórn ákveða hvort formaður skuli gegna launuðu starfi í þágu samtakanna, og ákveður starfshlutfall og launakjör formanns.

Nýtt ákvæði

23. gr.

Varaformaður tekur við hlutverki formanns tímabundið í fjarveru hans. Láti formaður af stjórnarstörfum, eða er ekki unnt að sinna skyldum sínum, skal varaformaður sinna hlutverki formanns fram að næsta aðalfundi og skal þá kosið til formanns til tveggja ára.

Nýtt ákvæði

24. gr.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir. Formaður stjórnar boðar til funda með minnst þriggja daga fyrirvara, nema brýna nauðsyn beri til að boða fund með skemmri fyrirvara og aldrei skemmri en eins sólarhrings fyrirvara. Formaður stýrir fundi stjórnar, ef þörf krefur getur stjórn kjósið sérstakan fundarstjóra á stjórnarfundum

Krefjast tveir stjórnarmenn þess að stjórnarfundur sé haldinn skal halda hann sem allra fyrst en eigi síðar en tíu dögum frá því að krafa um stjórnarfund barst. Stjórnarfundir eru lögmætir sé löglega til þeirra boðað.

Stjórnarfundur er ályktunarbær ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Ritari samtakanna skal skrá fundargerðir. Fundargerðir skulu vera samþykktar eigi síðar en í upphafi næsta fundar stjórnar. Samþykktar fundargerðir skulu vistaðar með ábyrgum hætti eða geymdar í þar til gerðri fundargerðarbók og vera aðgengilegar stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra

Nýtt ákvæði

V. KAFLI

Stjórnar- og formannskjör Neytendasamtakanna

25. gr.

Stjórn Neytendasamtakanna skal auglýsa eftir framboðum í kjörembætti á heimasíðu samtakanna og í a.m.k. einum fjölmiðli fyrir 1. ágúst ár hvert. Framboð skulu berast eigi síðar en 15. ágúst. Kjörnefnd og framkvæmdastjóri ganga úr skugga um að frambjóðendur njóti

kjörgengis, sbr. 6. gr. og 17. gr. Uppfylli frambjóðendur ekki skilyrði 6. gr. skal þeim gefinn vikufrestur til að bæta úr því.

10. gr. Núverandi lög

Stjórn Neytendasamtakanna skal auglýsa eftir framboðum til formanns og stjórnar á heimasíðu samtakanna og í a.m.k. einum fjölmiðli fyrir 1. ágúst það ár sem þing er haldið. Framboð skulu berast framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna eigi síðar en 15. ágúst sama ár. Uppstillinganefnd og framkvæmdastjóri ganga úr skugga um að frambjóðendur njóti kjörgengis, sbr. 3. og 14. gr. Uppfylli frambjóðendur ekki skilyrði 3. gr. skal þeim gefinn vikufrestur til að bæta úr því.

26. gr.
Kjörnefnd

Kjörnefnd skal tryggja næg framboð í þau embætti sem kosið er um. Berist ekki næg framboð er kjörnefnd heimilt að leita eftir frekari framboðum eftir að framboðsfresti lýkur. Við slíkar aðstæður skal kjörnefnd reyna eftir fremsta megni að tryggja fjölbreytni framboða m.a. með tilliti til kyns, búsetu og aldurshópa.

Stjórn Neytendasamtakanna er heimilt að setja reglur fyrir kjörnefnd þar sem kveðið er nánar á um starfshætti hennar og hlutverk. Kjörnefnd hefur yfirumsjón með kynningu frambjóðenda til stjórnar, þ.m.t. formanns.

11. gr. Núverandi lög

Stjórn Neytendasamtakanna kýs tvo menn í uppstillinganefnd, til viðbótar við þá þrjá sem kjörnir eru á þingi samtakanna, sbr. 9. gr., eigi síðar en í maí það ár sem reglulegt þing er haldið. Stjórn Neytendasamtakanna er heimilt að setja reglur fyrir uppstillinganefnd þar sem kveðið er nánar á um starfshætti hennar og hlutverk. Uppstillinganefnd er heimilt að leita eftir frekari framboðum til stjórnar, þ.m.t. til formanns, eftir að framboðsfrestir lýkur. Uppstillingarnefnd gerir tillögu um næstu stjórn samtakanna fyrir næsta kjörtímabil. Tillögur uppstillinganefndar skulu liggja fyrir og afhentar framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna eigi síðar en 1. september það ár sem reglulegt þing fer fram, og skulu þær lagðar fram meðal þinggagna á þingi samtakanna. Uppstillinganefnd hefur yfirumsjón með kynningu frambjóðenda til stjórnar, þ.m.t. formanns.

27. gr.

Kosning til stjórnar, þ.á.m. formanns er leynileg, og fer fram í tengslum við aðalfund samtakanna. Séu einungis sex frambjóðendur til stjórnar og/eða einn frambjóðandi til formanns skoðast frambjóðendur þó sjálfkjörnir og er þá kosning óþörf, en kjöri þeirra skal lýst á aðalfundi.

12. gr. Núverandi lög

Kosning til stjórnar, þ.á.m. formanns, er skrifleg og leynileg, og fer fram á reglulegu þingi samtakanna. Séu einungis tólf frambjóðendur til stjórnar og/eða einn frambjóðandi til formanns skoðast frambjóðendur þó

sjálfkjörnir og er þá kosning óþörf, en kjöri stjórnar skal lýst á reglulegu þingi.

Kjörstjórn annast framkvæmd kosninga til stjórnar, talningu atkvæða og tryggir að kosningar fari rétt og löglega fram.

28. gr.

Stjórn Neytendasamtakanna kýs úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

13. gr. Núverandi lög

Stjórn Neytendasamtakanna kýs úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

VI. KAFLI

Reikningsskil

29. gr.

Reikningstímabil Neytendasamtakanna er almanaksárið.

17. gr. Núverandi lög

Reikningstímabil Neytendasamtakanna er almanaksárið. Árgjöld skulu ákveðin af stjórn Neytendasamtakanna og taka samtökin einnig við styrkjum, t.d. frá opinberum aðilum.

VII. Kafla

Lagabreytingar

30. gr.

Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga. Lagabreytingartillögur skulu lagðar fram á skrifstofu samtakanna eigi síðar en 15. ágúst. Í fundarboði skal þess getið sérstaklega að tillaga til lagabreytinga verði tekin til meðferðar á fundinum og skal efni hennar lýst og tillagan kynnt á heimasíðu samtakanna eigi síðar en 1. september.

18. gr. Núverandi lög

Lögum þessum má einungis breyta á reglulegu þingi Neytendasamtakanna og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga. Lagabreytingartillögur skulu lagðar fram á skrifstofu samtakanna eigi síðar en 15. ágúst það ár sem reglulegt þing er haldið og kynntar á heimasíðu samtakanna eigi síðar en 1. september sama ár.

VIII. Kafli

Riftun félags

31. gr.

Nú kemur fram tillaga um það að félaginu skuli slitið og skal hún þá sæta sömu meðferð sem tillaga til lagabreytingar. Á þeim fundi skal þá jafnframt tekin ákvörðun um hvernig farið skuli með eignir og skuldir félagsins.

Nýtt ákvæði

32. gr.

Ritun firma.

Stjórn veitir stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra heimild til að rita firma samtakanna. Þeir sem hafa heimild til ritunar firma þurfa að uppfylla skilyrði 17. gr.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu.

Stjórn samtakanna getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma samtakanna.

Nýtt ákvæði

33. gr.

Ákvörðun þóknunar

Stjórn samtakanna er ekki heimilt að reikna sér, endurskoðendum, skoðunarmönnum, framkvæmdastjóra eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf hærra endurgjald fyrir störf hjá samtökunum en venjulegt er eftir eðli og umfangi starfanna og samþykki stórnar.

Nýtt ákvæði

34. gr.

Lánveitingar

Samtökunum er óheimilt að veita aðilum lán.

Nýtt ákvæði

Lög þessi voru samþykkt á þingi Neytendasamtakana XX. október 2018.

Ákvæði til bráðabirgða

Lagabreytingar samþykktar á þingi Neytendasamtakanna 2018 taka gildi strax að loknu þingi, þannig að breyting á tilhögun kosninga kemur fyrst til framkvæmda á aðalfundi 2020. Þar skulu sex einstaklingar vera kosnir til tveggja ára og sex einstaklingar til eins árs, eða fram að næsta aðalfundi árið 2021. Aðalfundur skal haldinn árið 2019 og þar teknir fyrir önnur verkefni en kjör stjórnar og formanns.

Nýtt ákvæði